

26

15. febr.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10 000 — tíu þúsund — krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 15. febrúar 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

27

20. febr.

AUGLÝSING

um breyting á Jarðræktarsamþykkt Fljótsdalshéraðs austan Lagarfljóts
(4. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Austurlands) frá 5. marz 1948.

19. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa, er nemur kr. 220 000.00 — tvö hundruð og tuttugu þúsund krónum —. Stofnfjár skal aflað þannig:

1. Hreppabúnaðarfélagin á sambandssvæðinu leggja fram sem óafturkræft framlag upphæð, er nemur hið minnsta $\frac{1}{4}$ hluta alls stofnfjárins samkvæmt 1.—4. lið. Kaupi ræktunarsambandið skurðgröfu styrkir Búnaðarsamband Austurlands það með óafturkræfri upphæð, er nemur allt að $\frac{1}{4}$ hluta af kaupverði hennar, enda sé fé ætlað fyrir því í fjárhagsáætlun sambandsins.
2. Í stofnsjóð renna óafturkræf fjáls framlög frá einstaklingum eða öðrum aðilum.
3. Með sameiginlegu stofnláni, sem tryggt sé með sameiginlegri ábyrgð ræktunarsambandsins. Skulu slík stofnlán endurgreidd innan 5 ára.
4. Styrkur úr framkvæmdasjóði ríkisins til vélakaupa rennur í stofnsjóð jafnóðum og hann greiðist.

Árlegar tekjur sjóðsins eru:

- a. Tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 17. gr.
- b. Vaxtatekjur og aðrar tekjur, er til sjóðsins kunna að falla.

Breyting þessi, sem er gerð með samþykki Búnaðarsambands Austurlands samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. janúar 1945, og reglugerð nr. 36 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. febrúar 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.